

Utanríkisráðuneytið

*Sent í stafrænt pósthólf Ísland.is
Berist jafnframt til persónuverndarfulltrúa*

—
Samrit sent lögmönnum kvartanda

Reykjavík, 7. maí 2026
Tilvísun: 2026030529/Ó.Ó.

Efni: Tilkynning um kvörtun til Persónuverndar

Persónuvernd hefur borist hjálögð kvörtun frá Gesti Gunnarssyni lögmanni og Helgu Björgu Jónsdóttur lögmanni, f.h. umbj. þeirra Ivan Nicolai Kaufmann (kvartandi), dags. 18. mars 2026, yfir afgreiðslu Utanríkisráðuneytisins (ráðuneytið) á aðgangsbeiðni kvartanda.

Í kvörtun greinir m.a. að kvartandi hafi þann 20. janúar 2026 lagt fram aðgangsbeiðni til ráðuneytisins, en þann 17. febrúar s.á. hafi borist svar frá ráðuneytinu þess efnis að vegna óviðráðanlegra anna væri áætlað að svar bærisk innan tveggja vikna. Þá hafi borist tölvupóstur 4. mars s.á. frá ráðuneytinu þess efnis að vegna umfangs beiðinnar hefði ráðuneytið ekki enn haft tök á að svara erindinu. Að sögn kvartanda hefur ráðuneytið enn ekki svarað aðgangsbeiðni hans. Um nánari tilgreiningu á umkvörtunarefnum kvartanda vísast til kvörtunar og fylgiskjala hennar sem samhliða bréfi þessu verða send í stafrænt pósthólf ráðuneytisins.

Hér með er Utanríkisráðuneytinu tilkynnt um framangreinda kvörtun og veittur kostur á að tjá sig um hana, sbr. 13. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993.

Persónuvernd fer sérstaklega fram á að upplýst verði um eftirtalin atriði:

1. Hvort beiðni kvartanda um aðgang að persónuupplýsingum sínum, sbr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 og 17. gr. laga nr. 90/2018, hefur verið svarað og þá hvenær. Ef svo er óskar Persónuvernd eftir upplýsingum um með hvaða hætti það var gert auk þess sem óskað er eftir **afriti af svarinu**, hafi það verið veitt skriflega.
2. Hafi kvartanda verið tilkynnt um framlengingu svarfrests og ástæður fyrir töfinni, sbr. 2. másl. 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, er óskað eftir upplýsingum um hvenær það var gert auk þess sem óskað er eftir **afriti af tilkynningunni**, hafi hún verið skrifleg.
3. Hafi beiðni kvartanda **ekki** verið svarað er óskað upplýsinga um ástæður þess.
4. Hafi kvartanda verið afhent afrit af persónuupplýsingum sínum, sbr. 3. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, er þess óskað að upplýst verði um það. **Jafnframt skal þá tilgreina á sundurliðaðan hátt hvort einhverjar upplýsingar voru undanskildar og þá hverjar, sem og á hvaða forsendum það var gert.**
5. Hafi aðgangsréttur kvartanda verið takmarkaður samkvæmt framansögðu, er óskað eftir upplýsingum um hvort ráðuneytið hafi framkvæmt hagsmunamat, líkt og vísað er til í



leiðbeiningum Evrópska persónuverndarráðsins (EDPB) nr. 1/2022 um aðgangsrétt, og ef svo er hvort ráðuneytið geti sýnt fram á að svo hafi verið gert, með hliðsjón af ábyrgðarskyldu ráðuneytisins skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018, sbr. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679. **Óskar Persónuvernd eftir afriti af hagsmunamatinu hafi það verið skjalfest.**

Persónuvernd biður um að svör berist stofnuninni eigi síðar en 21. maí 2026.

F.h. Persónuverndar,

Ósk Óskarsdóttir

Sent í stafrænt pósthólf á Ísland.is:
Afrit af kvörtun, dags. 18. mars 2026, ásamt fylgiskjölum.

Persónuvernd hefur eftirlit með því að lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, reglugerð (ESB) 2016/679 (almennu persónuverndarreglugerðinni) og lögum nr. 75/2019, um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi sé fylgt.

Til þess að Persónuvernd geti sinnt eftirlitshlutverki sínu hefur hún ýmsar valdheimildir, sbr. m.a. 41. gr. laga nr. 90/2018 og 31. gr. laga nr. 75/2019. Persónuvernd getur meðal annars fyrirskipað að ábyrgðaraðili og vinnsluaðili, eða fulltrúi þeirra, veiti hverjar þær upplýsingar sem stofnunin þarfnast vegna framkvæmdar laganna og reglugerðarinnar. Þá hefur Persónuvernd heimildir til að fá hjá ábyrgðaraðila og vinnsluaðila aðgang að öllum þeim gögnum sem nauðsynleg eru við framkvæmd laganna og reglugerðarinnar.

Athygli er vakin á því að Persónuvernd getur lagt á stjórnvaldssektir vegna tiltekinna brota gegn lögum nr. 90/2018 og reglugerð (ESB) 2016/679. Um skilyrði þess er nánar fjallað í 46.-47. gr. laga nr. 90/2018.